

Strætó  
Hjálmar Sveinsson stjórnarformaður

## Hröð orkuskipti í Reykjavík - Eftirfylgni tillagna starfshóps

Starfshópur um hröð orkuskipti í Reykjavík hefur skilað tillögum að aðgerðum í 35 liðum.

Eftir að Græna planið var samþykkt í borgarstjórn í desember 2020 var komið á fót fjórum starfshópum sem myndaðir voru með fulltrúum frá ólíkum sviðum Reykjavíkurborgar en einnig fulltrúum B- hlutafyrirtækja sem borgin á hlut í. Þannig voru virkjaðir saman kraftar og þekking víða úr borgarkerfinu með það fyrir augum að takast á við áskoranir næsta áratugar, m.a. starfshópur um hröð orkuskipti í Reykjavík. Hlutverk starfshópsins var að gera tillögur með það að markmiði að ná hröðum árangri í orkuskiptum, greina flöskuhálsa og finna leiðir til að komast í gengum þá.

Í meðfylgjandi gögnum er að finna samþykkt borgarráðs um málsmeðferð tillagnanna sem eru hluti af eigendastefnu borgarinnar og stefnu hennar gagnvart fyrirtækjum í eigu borgarinnar. Þar segir m.a. í lið 14; „Verkefni sem snúa að starfsemi Strætó verði tekin til meðferðar í stjórn fyrirtækisins að beiðni fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn þess.“ Nánar er fjallað um verkefnið í skýrslu starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík.



Þorsteinn Gunnarsson, borgarritari

Meðfylgjandi:  
Samþykkt borgarráðs 6. jan. 2022. Hröð orkuskipti í Reykjavík – Tillögur starfshóps  
Skýrsla starfshóps um hröð orkuskipti í Reykjavík